



GÍSLI SIGURÐSSON

KJARVALSSTAÐIR

8. - 23. DES. 1990



GÍSLI SIGURÐSSON

EINKASÝNINGAR:

- 1964 í Hafnarstræti 2, Reykjavík.
- 1967 í Bogasalnum, Reykjavík.
- 1972 í Norræna Húsinu í Reykjavík.
- 1976 í Listasafni Árnassýslu, Selfossi.
- 1978 í Norræna Húsinu í Reykjavík.
- 1980 í Gallerí Háhóli á Akureyri.
- 1982 á Kjarvalsstöðum.
- 1986 á Kjarvalsstöðum.
- 1990 á Kjarvalsstöðum.

MYNDASKRÁ

1. Sól eg sá. Myndröð byggð á Sólarljóðum.
2. Sæluhús í Þjófadöllum.
3. Letrað land.
4. Miðdegislúr.
5. Kirkjukórinn.
6. Sjálfsmynd með heykrók.
7. Bókabjórinn.
8. Löng bið eftir vorinu.
9. Fjallkóngur. (Jóhann Kolbeinsson á Hamraheiði)
10. Skrift náttúrunnar.
11. Letruð Jarlhetta.
12. Jarlhettur.
13. Þorgeirsbolinn í lífi hennar.
14. Á klakanum.
15. Mannfagnaður
16. Á rauðu tungli.
17. Mynd úr draumi.
18. Dansað á Jónsmessu.
19. Sælan og kvölin.
20. Í vinnustofu málarans.
21. Lögmálið.
22. Sálarskipið I
23. Villtir á fjöllum.
24. Vindurinn þýtur.
25. Íslandia.
26. Goðsöguleg uppákoma
27. Kona með stóra samvizku.
28. Sálarskipið II
29. Sálarskipið III
30. Landnámsmaður.
31. Þuríður í brimgarðinum.
32. Sumarnótt á Kili.

33. Kona að vestan.
34. Á norðurhjaranum.
35. Bréf til vinar.
36. Quo vadis?
37. Landnám listarinnar.
38. Á Haukadalsheiði.
39. Dans macabre.
40. Síðasta hrísla Fjallkonunnar.
41. Lifandi land I.
42. Lifandi land II.
43. Lifandi land III.
44. Ljósið. Við ljóð Elíasar Mar.
45. Vandí útgerðarinnar.
46. Endurfundir.
47. Guðríður í sólinni.
48. Úr hugmyndaheimi Lilju.
49. Aðdáandinn.
50. Íslenzkt vor.
51. Hótel Jörð.
52. Skammdegismorgunn.
53. Vetrarkvíði.
54. Sagnaamman. Til minningar um Guðmund Daniélsson skáld.
55. Sæluhús við Sóleyjarhöfða.

MYNDRÖÐIN: Sjö erindi úr Sólarljóðum.

*Heljar reip
komu harðlega
sveigð að síðum mér,
slíta eg vilda,
en þau seig voru.
Létt er laus að fara*

*Sól eg sá
setta dreyrstófum;
mjög var eg þá úr heimi hallur;
máttug hun lézt
á marga vegu,
frá því éf fyrri var.*

*Sól eg sá
á sjónum skjalfandi
hræðslufullur og hnipinn,
því að hjarta mitt
var harðla mjög
rúnnið sundur í sega.*

*Sólar hjört
leit eg sunnan fara,
hann teymdu tveir saman;
fætur hans
stóðu foldu á,
en tóku horn til himins.*

*Margan mann
sá eg meiddan fara
á þeim glæddu götum;
andlit þeirra
syndust mér öll vera
rygjar blóði roðin.*

*Menn sá eg þá,
er mörgum hlutum
véltu um annars eign;
flokkum þeir fóru
til Fégjarnborgar
og hófðu byrðar af blyi.*

*Menn sá eg þá
er af miklum hug
veittu fátækum frama;
lásu englar bækur
og ymna skrift
helgar yfir hóði þeim.*

SÓLARLJÓÐ

Sólarljóð eru kaþólskt trúarljóð frá 13du öld sem birta í senn hugarheim og heimsmynd kristinna manna frá samtíma höfundarins og mystíska skynjun eða reynslu. Sólarljóð minna að sumu leyti á Völuspá og Hávamál, enda ort undir ljóðahætti og leitast við að safna hugmyndum manna um lífið, dauðann og annað líf í eitt kvæði sem er 82 erindi. Stundum hafa Sólarljóð verið kölluð eins konar kristið svar við hinni heiðnu heimsmynd Völuspár og Hávamála.

Form Sólarljóða er fólgið í því að mælandi kvæðisins er látinn maður sem birtist syni sínum, sennilega í draumi, og leitast við að skýra fyrir honum hin ýmsu svið tilverunnar. Hann byrjar á fimm dæmisögum, sem allar fela í sér eins konar viðvörðun, vara við ákveðinni breytni, sem leiðir til glötunar, þótt um stundarávinning kunni að vera að ræða (1-24). Þá taka við sjö ráð, sem öll taka til guðrækilegrar hegðunar (25-32). Nú snýr mælandinn frásögn sinni að sjálfum sér og sínu eigin lífi. Svo er að sjá sem hann hafi verið gleðimaður, í góðum eignum, hallur undir lystisemdir lífsins, en lífað í þeirri sjálfsblekkingu að ekki þurfi að búa sig undir dauða sinn og örlög. Það hafi honum orðið ljóst er hann tók þann sjúkdóm er leiddi hann til dauða (33-38). Næst taka við sjö erindi (39-45) er öll hefjast á orðunum „Sól eg sá“ og kvæðið dregur nafn sitt af, og eru fegursti og skáldlegasti hluti þess. Myndröð Gísla Sigurðssonar hefst þarna. Erindin birta táknræna lýsingu á dauðanum með skirskotun til sólarlagsins og ber að



skilja sem andlega umbreytingu en dauðanum er einnig lýst sem líkamlegri tortímingu (47-51). Loks mætast þessar tvær lýsingar, þegar mælandinn hverfur inn í annan heim. Þá tekur við lýsing á kvölum fordæmdra (57-67) og umbun hinna sáluhólpnu (69-74). Að því loknu tekur við mjög torráðinn kafli, sem ef til vill má helst skilja sem einhvers konar útlístan á forsendum fordæmingar og sálarfrelsunar.

Þar sem Sólarljóð veita yfirsýn yfir öll svið tilverunnar, allt frá hinu jarðneska hversdagslífi, um leyndardóma dauðans, kvalir fordæmdra og til launa hinna sáluhólpnu, þá má einna helst líta svo á að kvæðið í heild sinni sé leiðsögn til sáluhjálpar: sá sem kann þetta kvæði og breytir eftir því mun rata um refilstígu tilverunnar alla leið til sæluvistar himnaríkis.

Sólarljóð eru einungis varðveitt í mjög ungum handritum þar sem hin elstu eru frá því um miðja 17du öld. Því er hætt við að eitthvað hafi hugsanlega afbakast frá frumgerð, og kann það að valda því að sumir hlutar kvæðisins eru ærið torskildir. Höfundur Sólarljóða er óþekktur, en hann hefur verið vel menntaður á mælikvarða sins tíma. Hann hefur augljóslega verið mjög vel lesinn í íslenskum fornbókmenntum og kunnað góð skil á kenningum kirkjunnar og trúarhugmyndum samtímans.

Njörður P. Njarðvík